



## Fundargerð hreppsnefndar 19. febrúar 2015

Fundur nr.16 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 19. febrúar 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Hafnarstjórnar Vopnafjarðarhafnar dags. 3. febrúar 2015  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. HAUST 120. fundar dags. 12. febrúar 2015  
Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Tilnefning 3ja fulltrúa í stjórn Arnarvatns ehf. og 3ja varamanna  
Tilnefndir af meirihluta Eyjólfur Sigurðsson og Friðrik Óli Atlason sem aðalmenn og til vara Stefán Grímur Rafnsson og Sigríður Elva Konráðsdóttir. Af minni hluta Bárður Jónasson sem aðalmaður og Magnús Þór Róbertsson til vara. Lagði oddviti til að hluthafafundur verði haldinn 26. mars nk. Samþykkt samhljóða.

b. Greinargerð Hilmars Gunnlaugssonar hrl. vegna tilboðs í Hafnarbyggð 1  
Málinu frestað og oddvita falið að kanna stöðu þess.

c. Umsóknir um starf skrifstofustjóra Vopnafjarðarhrepps  
Undir þessum lið véku af fundi Sigríður Elva, Bárður og Magnús Þór.  
Sveitarstjóri kynnti síðan málið, greindi frá verkferlinu og lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sex umsóknir bárust í starf skrifstofustjóra Vopnafjarðarhrepps, en umsóknarfrestur rann út 7. febrúar sl. Farið hefur verið yfir allar umsóknir og umsækjendur kallaðir í viðtal. Um er að ræða þrjár konur og þrjá karla með fjölbreytta starfsreynslu.

Miðað við starfslýsingu sem kynnt var umsækjendum er það tillaga mín að Baldur Kjartansson starfsmaður Landsbankans verði ráðinn í starf skrifstofustjóra. Baldur hefur víðtæka reynslu í stjórnun, starfsmannahaldi og bókhaldsvinnu. Hann hefur lokið B.S. prófi í viðskiptafræði frá viðskipta – og raunvísindasviði Háskólans á Akureyri.

Umsækjendum eru færðar sérstakar þakkir fyrir að sýna því áhuga að starfa hjá Vopnafjarðarhreppi.  
Samhljóða samþykkt.

d. Samningur um sóknaráætlun Austurlands 2015-2019  
Lagt fram til kynningar.

e. Bréf frá Vegagerðinni um niðurfelling Egilsstaðavegar nr. 9152-01, af vegaskrá.  
Lagt fram til kynningar.

f. Bréf frá Héraðsskjalasafni Austurlands varðandi styrkbeiðni Stefán Grímur lagð fram eftirfarandi tillögu að bókun:  
Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hafnar styrkbeiðni Héraðsskjalasafns Austurlands þar sem þegar er unnið að skráningu mynda í Vopnafjarðarhreppi með aðkomu sveitarfélagsins.  
Samhljóða samþykkt.

g. Framhaldsnám í heimabyggð  
Lagt fram til kynningar.

h. Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum á Austurlandi  
Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 16:40.